

From: Steinar Rafn Beck Baldursson [<mailto:sbeck@umhverfisstofnun.is>]
Sent: fimmtudagur, 29. júní 2017 13:44
To: Steinar Rafn Beck Baldursson
Subject: Áætlun vegna refaveiða 2017-2019

Kæri viðtakandi

Undanfarin þrjú ár hefur ríkið tekið þátt í kostnaði sveitarfélaga við refaveiðar. Á fjárlögum fyrir þessi ár var gert ráð fyrir 30 milljónum á ári í verkefnið árin 2014-2016. Forsenda fjárveitingarinnar var að gerðir væru samningar við sveitarfélögin um endurgreiðslur. Gert er ráð fyrir að endurgreiðslan nemi allt að þriðjungi kostnaðar sveitarfélaga. Stofnunin hefur nú gert nýja áætlun til þriggja ára um refaveiðar fyrir árin 2017-2019. Markmiðið með áætluninni er að tryggja áfram upplýsingaöflun og samráð við helstu hagsmunaaðila. Þannig megi byggja upp enn betri grunn fyrir ákvarðanatöku um veiðar á ref. Áætlunin byggir að stærstum hluta á fyrri áætlun og er í grunnin eins en lögð verður aukin áhersla ákveðin atriði sem fjallað er um í áætluninni. Vinsamlegast sendið inn athugasemdir ef einhverjar eru við áætlunina fyrir 15. ágúst 2017 ásamt skráningu á áæltuðum kostnaði. Í viðhengi er eldri áætlun ásamt nýrri áætlun.

Hér að neðan er slóð á rafrænt skráningaform þar sem þið eruð vinsamlegast beðin að meta þann kostnað sem áætlað er að fari í refaveiðar í sveitarfélaginu árin 2017-2019 ásamt öðrum þeim atriðum sem þar koma fram:

<https://www.ust.is/default.aspx?pageid=7182550a-421e-11e7-941e-005056bc2afe>

Bestu kveðjur, Best regards

Steinar Rafn Beck Baldursson
Sérfræðingur, Advisor
Svið sjálfbærni, Department for Sustainability
Veiði-og verndarteymi, Hunting- and wildlife management team

